

Kirkjuþing 2019

3. mál – Þskj. 3

## T I L L A G A

að starfsreglum um breyting á starfsreglum  
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.  
(Lagt fyrir 59. kirkjuþing 2019)

Flutt af biskupi Íslands  
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:  
Breiðholts-, Fella- og Hólaprestaköll, Reykjavíkúrprófastsdæmi eystra, sameinist í eitt  
prestakall, Breiðholtsprestakall.

### 2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 50. gr., sbr. 59. gr. laga um stöðu,  
stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við  
birtingu.

### *Greinargerð.*

Í hinu nýja Breiðholtsprestakalli þjóna sóknarprestur og tveir prestar. Embætti  
sóknarprests núverandi Breiðholtsprestakalls hefur verið auglýst laust til umsóknar  
með fyrirvara um breytingu á því í embætti prests í sameinuðu prestakalli. Tekið  
verður tillit til vígslualdurs, menntunar, annarrar reynslu og jafnréttisáætlunar  
kirkjunnar við mat á því hver verði sóknarprestur sameinaðs prestakalls.

**Sameining þessi öðlast gildi hinn x.**